

Jón Prándur Stefánsson

Frá: Ólafur Þór Ólafsson <sveitarstjori@skagastrond.is>
Sent: þriðjudagur, 2. apríl 2024 14:49
Til: Jón Prándur Stefánsson
Efni: RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæll Jón

Takk fyrir framlengdan frest yfir páska sbr. tölvusamskipti við A.J.

Frekari rökstuðningur sbr. beiðni fylgir hér:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti á fundi sínum þann 22. desember sl. að leggja fram tillögu að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun aflaheimilda í byggðarlaginu. Með tölvupósti dags. 28. febrúar sl. var sveitarfélaginu tilkynnt að ráðuneytið væri ekki tilbúið til þess að staðfesta tillögur sveitarfélagsins að svo stöddu. Rökstuðningur sveitarfélagsins var metinn ófullnægjandi og sveitarfélagið ekki talið hafa sýnt fram á að tillögur að sérreglum væru byggðar á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni byggðalagsins.

Í pósti ráðuneytisins segir enn fremur: "...Í umfjöllun ráðuneytisins var litið til þess að í tillögu sveitarstjórnar eru **ekki rökstuddar þær breytingar sem óskað er eftir á viðmiðunum er varða stærðarmörk fiskiskipa** og breytingum á hámarksúthlutun. Í mati ráðuneytis á framangreindum ákvæðum kemur í ljós að verulegar líkur eru á að slíkar breytingar muni hafa áhrif á aðila sem gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta. Því þarf að sýna fram á að slík ráðstöfun sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags...

Í tillögum sveitarfélagsins er ekki vísað til neinna viðmiða um stærðarmörk fiskiskipa og ekki óskað eftir sérreglum í tengslum við stærðarmörk þeirra skipa sem landa afla á Skagaströnd og eiga rétt á byggðakvóta. Sveitarfélagið telur því ekki þörf á að svara þessum lið frekar.

Í tölvupósti ráðuneytisins frá 20. mars. sl. segir: *...Hvað varðar breytingar á 4. gr. þá vantar rökstuðning fyrir því hvers vegna er verið að biðja um tiltekna skiptingu á milli báta s.s. 40 tonnum til báta með hlutdeild í rækju og grunnslóð í Húnaflóa og hvers vegna er verið að biðja um 50 tonna þorskígildistonna hámark á úthlutun...*

Sjónarmið sveitarstjórnar eru eftirfarandi:

Vegna skiptingu kvóta í tvo flokka:

Við úthlutun byggðakvóta er óskað eftir því að kvótanum verði skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutaðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar. Ástæðan fyrir því að halda eftir 40 tonnum til skiptanna fyrir þá aðila sem stunduðu innfjarðarrækjuveiðar er að bæta þeim þá takmörkuðu leiðréttingu á kvóta sem þeim var veitt þegar innfjarðarrækjuveiðar voru bannaðar. Tonnafjöldinn sem miðað er við er talið eðlilegt hlutfall af þeim skaða sem þeir aðilar urðu fyrir og var ekki að fullu bættur. Fáir aðilar falla í þennan flokk en einn þeirra er stærsti útgerðaraðilinn á Skagaströnd. Hann gerir út allt árið og er með launamenn í vinnu. Sveitarfélagið hefur viðhaft þessa framkvæmd í yfir 10 ár og ef gera á breytingar hér á þarf að gæta meðalhófs með tilliti til réttmætra væntinga þeirra aðila sem hafa notið þessara gæða undanfarin ár og áratugi.

Vegna hámarksúthlutunar:

Við úthlutun byggðakvóta er óskað eftir því að hámarksúthlutun nemi 50 tonnum á hvern bát en hámarkið nam 35 tonnum á líðandi fiskveiðiári. Sveitarfélagið hefur óskað eftir því að þak verði sett á úthlutanir til skipa sem gera út frá Skagaströnd og eiga rétt á byggðakvóta í meira en 10 ár og hefur þakið verið á bilinu 35-70 tonn. Sveitarstjórn lítur svo á að mikilvægt sé að sem flestir sem gera út frá Skagaströnd fái tækifæri til að veiða byggðakvótann. Með því móti

verða til fleiri störf í sveitarfélaginu auk afleiddra starfa sem styrkir byggð. Byggðakvóti hefur áhrif á afkomu um 80 íbúa á Skagaströnd og verðmæti því veruleg bæði bein og afleidd. Sveitarstjórn er umhugað um að vernda þau störf sem fyrir eru á Skagaströnd ásamt því að auka möguleika á fjölgun starfa í kringum útgerð og þjónustu við hana. Að sama skapi er mikilvægt að skerða réttindi stærri útgerðaraðila á Skagaströnd ekki um of, enn alla jafna eru bara tvær útgerðir sem gera út á Skagaströnd allt árið og eru með launamenn í vinnu. Ef miðað er við að heildarúthlutun til sveitarfélagsins nemi 170 tonnum í þorskígildum talið þótti hóflegt að setja viðmiðið við 50 tonna hámark á hvern aðila miðað við aflabrögð síðustu misseri þar sem það skerðir að litlu leyti rétt umsvifameiri útgerðaraðila til úthlutunar á byggðakvóta en tryggir þó að potturinn tæmist ekki og úthlutanir til smærri útgerðaraðila séu enn til staðar í einhverjum mæli sem máli skiptir. Í tölvupósti ráðuneytisins kemur fram að verulegar líkur séu á að breytingar á hámarksúthlutun muni hafa áhrif á aðila sem gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta og er engum mótmælum hreyft við því. Sérreglur eru í eðli sínu þannig að þær skerða alla jafna réttindi einhverra hópa sem eiga réttindi. Hjá því verður ekki komist og því mikilvægt að horft sé til meðalhófs og jafnræðis við setningu reglnanna sem sveitarstjórn telur sig hafa gert í þessu tilviki. **Fallist ráðuneytið ekki á breytingu á hámarksúthlutun er óskað eftir því að ráðuneytið samþykki samt sem áður sérreglu þar sem þak er sett á úthlutun til einstaka skipa en það taki mið af sama tonnafjölda og á líðandi fiskveiðiári eða 35 tonnum miðað við 170 tonna úthlutun til sveitarfélagsins með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem reifuð eru hér að ofan. Horfir sveitarfélagið hér til fyrri framkvæmdar sveitarstjórnar síðustu 10 ár hið minnsta, réttmætra væntingar réttthafa og fyrirsjáanleika í afgreiðslu sveitarstjórnar á sérreglum.** Það er ljóst að þó að ákveðin sjónarmið hafi verið lögð til grundvallar við úrlausn mála hingað til þýðir það auðvitað ekki að stjórnvöld verði bundin við það að leggja ávallt sömu sjónarmið til grundvallar við töku matskenndra ákvarðana. Í þessu tilviki byggir mat sveitarstjórnar hins vegar á á málefnalegum og staðbundnum forsendum og beiðni um framangreindar sérreglur því forsvaranleg. Ráðuneytið hefur ætíð samþykkt sambærilegar sérreglur og mikilvægt að ráðuneytið standi sjálft fyrir stöðugleika í sinni eigin framkvæmd.

Sveitarfélagið óskaði einnig eftir sérreglu er varðar að úthlutanir verði bundnar við útgerðir með lögheimili í sveitarfélaginu. Í tölvupósti ráðuneytisins frá 28. febrúar sl. segir: ...

Þessu til viðbótar skal bent á að borist hafa athugasemdir varðandi tillögu sveitarstjórnar um niðurfellingu 2. mgr. 1. gr. Rökstuðningur fyrir þessari tillögu hefur einnig verið metinn ófullnægjandi og ráðuneytið hefur áður hafnað slíkra breytingu við umfjöllun tillagna á fyrri árum...

Í tölvupósti ráðuneytisins frá 20. mars sl. segir enn fremur: ... *Ráðuneytið hefur áður sent sveitarfélaginu athugasemdir vegna 2. mgr. 1. gr. og er bent á fyrri rökstuðning ráðuneytisins varðandi það atriði. Ólíklegt er að ráðuneytið breyti fyrri afstöðu varðandi það mál að óbreyttum rökstuðningi.*

Sveitarfélagið óskar eftir að fá aðgang að öllum upplýsingum varðandi málsmeðferð ráðuneytisins varðandi þetta atriði. Þar með talið þær innsendu athugasemdir sem ráðuneytinu barst, svo hægt sé að svara þeim andmælum sem hreyft er við í athugasemdum aðila og senda frekari rökstuðning vegna málsins.

Virðingarfyllt

ÓÞÓ



Ólafur Þór Ólafsson

Starfandi sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3



455-2700



sveitarstjori@skagastrond.is



www.skagastrond.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi og hefið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né nottæknir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

Frá: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Sent: föstudagur, 22. mars 2024 14:43
Til: Ólafur Þór Ólafsson <sveitarstjori@skagastrond.is>
Efni: RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæll Ólafur,

Frestur veittur til að skila frekari rökstuðningi sbr. beiðni hér að neðan.

Með kveðju,
Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor

Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Ólafur Þór Ólafsson <sveitarstjori@skagastrond.is>
Sent: fimmtudagur, 21. mars 2024 16:12
Til: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Efni: RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæl Jón

Dugar að frekari rökstuðningur berist ráðuneytinu í síðasta lagi n.k. miðvikudag 27. mars 2024



Ólafur Þór Ólafsson

Starfandi sveitarstjóri
Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3

☎ 455-2700
✉ sveitarstjori@skagastrond.is
🌐 www.skagastrond.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi og hefur þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

Frá: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
Sent: miðvikudagur, 20. mars 2024 22:45
Til: Ólafur Þór Ólafsson <sveitarstjori@skagastrond.is>
Efni: RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæll Ólafur,

Ráðuneytið hefur áður sent sveitarfélaginu athugasemdir vegna 2. mgr. 1. gr. og er bent á fyrri rökstuðning ráðuneytisins varðandi það atriði. Ólíklegt er að ráðuneytið breyti fyrri afstöðu varðandi það mál að óbreyttum rökstuðningi.

Hvað varðar breytingar á 4. gr. þá vantar rökstuðning fyrir því hvers vegna er verið að biðja um tiltekna skiptingu á milli báta s.s. 40 tonnum til báta með hlutdeild í rækju og grunnslóð í Húnaflóa og hvers vegna er verið að biðja um 50 tonna þorskígildistonna hámark á úthlutun. Leggja þarf mat á hvaða áhrif umbeðnar breytingar hafa á mögulega úthlutun og hvernig þær séu byggðar á málefnalegum og staðbundnum sjónarmiðum með hagsmuni byggðarlagsins í huga.

Þetta er í grunninn stóra myndin varðandi beiðni um frekari rökstuðning.

Með kveðju,
Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor

Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Ólafur Þór Ólafsson <sveitarstjori@skagastrond.is>

Sent: miðvikudagur, 20. mars 2024 16:48

Til: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>

Efni: FS: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæll Jón

Er með sveitarstjórnarfund í fyrramálið

Hefurðu einhver tók á að skoða.



Ólafur Þór Ólafsson

Starfandi sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3



455-2700



sveitarstjori@skagastrond.is



www.skagastrond.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Ef þú ert ekki réttur viðtakandi og hefið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skrárir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti.

Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti.

Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

Frá: Ólafur Þór Ólafsson

Sent: föstudagur, 15. mars 2024 13:57

Til: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>

Efni: RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Sæll Jón Þrándur

Er að velta fyrir mér athugasemdum vegna sérreglna.

Tengist það ekki bara tillögu við 2. mgr. 1. gr.



Ólafur Þór Ólafsson

Starfandi sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skaðaströnd | Túnbraut 1-3



455-2700



sveitarstjori@skagastrond.is



www.skagastrond.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi og hefið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

Frá: Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>

Sent: miðvikudagur, 28. febrúar 2024 14:06

Til: Ólafur Þór Ólafsson <sveitarstjori@skagastrond.is>

Efni: RE: Re: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skaðaströnd

Sæll Ólafur,

Ráðuneytið hefur tekið til skoðunar tillögu sveitarstjórnar varðandi sérreglur byggðakvóta.

Að svo stöddu er ráðuneytið ekki tilbúið að staðfesta tillögu sveitarstjórnar þar sem rökstuðningur hefur verið metinn ófullnægjandi og að sveitarfélagið hafi ekki sýnt fram á að tillaga sveitarstjórnar sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Í umfjöllun ráðuneytisins var litið til þess að í tillögu sveitarstjórnar eru ekki rökstuddar þær breytingar sem óskað er eftir á viðmiðunum er varða stærðarmörk fiskiskipa og breytingum á hámarksúthlutun. Í mati ráðuneytis á framangreindum ákvæðum kemur í ljós að verulegar líkur eru á að slíkar breytingar muni hafa áhrif á aðila sem gætu átt rétt á úthlutun byggðakvóta. Því þarf að sýna fram á að slík ráðstöfun sé byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Þessu til viðbótar skal bent á að borist hafa athugasemdir varðandi tillögu sveitarstjórnar um niðurfellingu 2. mgr. 1. gr. Rökstuðningur fyrir þessari tillögu hefur einnig verið metinn ófullnægjandi og ráðuneytið hefur áður hafnað slíkri breytingu við umfjöllun tillagna á fyrri árum.

Sveitarstjórn er því gefin 14 daga frestur til þess að koma fram með frekari rökstuðning áður en afstaða verður tekin til tillögu sveitarstjórnar.

Með kveðju,

Jón Þrándur



Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / Special Advisor

Skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries

Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries

Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9700

www.mar.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Tilvísun í mál: MAR23110192

Frá: Ólafur Þór Ólafsson

Til: Matvælaráðuneyti

Sent: 28.12.2023 09:24:57

Efni: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta - Skagaströnd

Komið þið sæl

Hjálagðar eru tillögur að sérreglum í tengslum við úthlutun byggðakvóta vegna Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Einnig fundargerð sveitarstjórnar frá 22. desember 2023, þar sem á dagskrá voru sérreglur í tengslum við byggðakvóta.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.



Ólafur Þór Ólafsson

Starfandi sveitarstjóri

Sveitarfélagið Skagaströnd | Túnbraut 1-3

455-2700

sveitarstjori@skagastrond.is

www.skagastrond.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Ef þú ert ekki réttur viðtakandi og hefið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skylt skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti.

Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti.

Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.